




**STAPI**  
LÍFEYRISSJÓÐUR

# RÉTTINDAKERFI STAPA


JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR – FORSTÖÐUMAÐUR RÉTTINDASVIÐS

17. SEPTEMBER 2019



RÉTTINDAKERFIÐ

Fyrri réttindakerfi gerði ráð fyrir hækkun lífeyrisréttinda, óháð ávöxtun eigna sem tryggja eiga réttindin.



- Réttindaávinnsla miðaðist við fasta fyrirfram ákveðna vexti.
- Mikill munur gat myndast milli verðmætis eigna og lífeyrisloforða.
- Breytingar á réttindum urðu í stökkum í samræmi við ákvarðandir ársfundar.

## 2008

Efnahagshrun – tryggingafræðileg staða breytist úr jákvæðri í neikvæða

.....

## 2009

Umræða um viðbrögð og mat á stöðu

.....

## 2010

Ákvarðanir um skerðingar og vangaveltur um breytingar til að auka jafnvægi til framtíðar litið

.....

## 2011

Hugmyndavinna – skoðun á mögulegum lífeyrskerfum  
Fyrstu drög að nýju kerfi

.....

## 2012

Stjórnarformaður kynnir hugmynd að nýju kerfi á ársfund  
Stjórn ákveður að láta vinna frekari tillögur – tryggingastærðfræðingur kemur að málum

.....

## 2013

Unnið að nýju kerfi – útreikningar og hermilíkan  
Tillögur að nýju kerfi lagðar fyrir stjórn  
Unnið kynningarefni fyrir aðildarfélög og sjóðfélaga

## 2014

*Mars:* Kynningarefni send aðildarfélögum og birt á vefsíðu samhliða frétt

*Apríl:* Stjórn samþykkir að fá tryggingastærðfræðing sjóðsins til að kynna kerfið á ársfund

*Mai:* Tryggingastærðfræðingur kynnir nýtt kerfi á ársfund – samþykkt að láta vinna endanlegar tillögur

*Júní-sept:* Unnið að endanlegum tillögum

*Sept-Nóv:* Kynningar fyrir aðildarfélögum – 10 kynningarfundir

*Sept:* Hugmyndir að nýju kerfi kynntar hjá LL, starfsmönnum sjóða og fulltrúum FME

*Nóv:* Formlega óskað eftir afstöðu aðildarfélaga til tillagna

.....

## 2015

*Jan:* Tillögur að nýju réttindakerfi kynntar fyrir SA

*Jan:* Aðildarfélög samþykkja samhljóða að leggja tillögur fyrir ársfund

*Feb:* Tillögur að nýju kerfi kynntar hjá lífeyrisnefnd ASÍ

*Feb:* Tillögur til samþykktabreytinga lagðar fyrir stjórn

*Mars:* Lögfræðileg rýni á tillögum til samþykktarbreytinga

*Mars:* Þarfagreining vegna breytinga á hugbúnaðarkerfum sett í gang


*Apríl:* Endanlegar tillögur afgreiddar af stjórn

*Apríl:* Tillögur kynntar FME

*Apríl:* Samþykktabreytingar lagðar fyrir ársfund og staðfestar þar

*Júlí:* Samþykktabreytingar staðfestar af Fjármálaráðuneytinu


Í núverandi réttindakerfi, sem tekið var upp 1. janúar 2016, er réttindaávinnslan miðuð við breytilega vexti, þ.e. raunverulega ávöxtun sjóðsins, frá því iðgjald er greitt inn þar til lífeyristaka hefst.





Helstu smiðir kerfisins:

- Kári Arnór Kárasón, fyrrverandi framkvæmdastjóri Stapa
- Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur
- Sérfræðingar Init ehf

Réttindasjóður til eftirlauna  
Beintengdur eignavísitölu, líkt og verðbréfasjóður



Áfallatryggingar  
Tengdar eignavísitölu hvað varðar áunnin réttindi, en einnig 3,5% reiknireglu hvað varðar framreikning



## Kostir

- Betra jafnvægi milli eigna og skuldbindinga
- Auðveldara að útskýra hvað verður um iðgjaldið og hvernig sjóðurinn virkar
  - » Skýrt hversu stór hluti iðgalds fer í áfallatryggingar.
  - » Áhrif ávöxtunar á réttindasjóð sést á sjóðfélagayfirlitum.
  - » Einfalt að útskýra af hverju áætluð eftirlaun hækka eftir því sem upphafi töku þeirra seinkar.
- Aukning á lífslíkum veldur ekki „skerðingu“ á réttindum heldur breytingu á réttindatöflu sem dreifir réttindasjóði á fleiri áætlaða ólifaða mánuði.

## Gallar

- Flækjustig vegna tengsla „gamla“ og „nýja“ kerfisins.
- Starfsmenn annarra lífeyrissjóða geta síður lesið út úr hráum upplýsingum úr Jóakim.
- Í mörg horn er að líta til þess að gæta þess að útreikningar kerfisins séu réttir.
- Breytingin olli miklu álagi á starfsfólk sem þurfti að tileinka sér nýja hugsun og vinnubrögð.

A wide waterfall cascading over dark, mossy rocks under a cloudy sky. The water is white and frothy as it falls, creating a sense of movement and power. The rocks are dark and textured, with patches of green moss. The sky is overcast with grey clouds. The overall scene is dramatic and natural.

RÉTTINDASJÓÐUR TIL EFTIRLAUNA



- Engin áunnin réttindi breyttust við yfirfærslu úr eldra kerfi í nýja kerfið
- Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur reiknaði „upphaflegan réttindasjóð“ (L500UPPH) fyrir alla, 70 ára og yngri, sem áttu réttindi í eldra kerfinu, yfir í nýja kerfið.

*Iðgjöld fyrir árið 2015 og önnur iðgjöld sem sjóðnum hafa borist frá útsendingu síðasta yfirlits.*

Ár	Greiðandi	Tímabil: JFMAMJJÁSOND	Iðgjöld	Mótframlag	Réttindi
					<b>156.447</b>
2015	XXXXXXXX hf.	GGGGGGGGGG..	225.882	451.764	
					6.634
					<b>163.081</b>
(Tímabil er mánuðir ársins, G=greitt, S=skilað, F=iðgjald flutt.)					

**Réttindasjóður þinn í upphafi árs 2016:**

*Einingar: 188.681,940*

*Gengi: 100*

*Réttindasjóður kr.: 18.868.194*

- Staða réttindasjóðs við upphaf töku eftirlauna skilgreinir ævilöng eftirlaun.

# ÞRÓUN Á RÉTTINDASJÓÐI - IÐGJALDASJÓÐSDEILDIR

Réttindasjóðurinn = Einingafjöldi í iðgjaldasjóðsdeildum x Eignavísitala

## Réttindasjóður í byrjun tímabils

+ Iðgjald greitt til sjóðsins (L500)

- Framlag í starfsendurhæfingarsjóð (L500R)

- Flutt í tilgreinda séreign (T501/T500)

+ Jöfnunariðgjald ef réttur til jafnrar ávinnslu er fyrir hendi (L500JÖ)

+ Framreikningsiðgjald, ef um greiðslur örorkulífeyris með framreikning er fyrir hendi (L500FR)

- Iðgjald til tryggingaverndar (L500TR)

+ Hlutdeild í réttindasjóði látinna sjóðfélaga (L500DH)

+/- Iðgjaldahreyfingar til/frá maka (L500MA) ef um skiptingu eftirlaunaréttinda er að ræða

+/- ávöxtun á eignum sjóðsins skv. eignavísitölu

+/- Breytingar vegna tryggingafræðilegs uppgjors, ef um slíkt er að ræða

## Réttindasjóður í lok tímabils

Fylgiskjal	Sjóð	Lau	Sjóðsdeild	Iðgj.framlag	Mótframlag	Iðgjöld alls	Tímabil	Staða	Bakf
RR19-19148	0...	6...	L500	15200,00	43700,00	58900,00	08-08'2019	Uppfært	
RR19-19148	0...	6...	R500		380,00	380,00	08-08'2019	Uppfært	
RR19-19148	0...	6...	L500	-6071,00	-16781,00	-22852,00	08-08'2019	Uppfært	
RR19-19148	0...	6...	L500TR	5691,00	16781,00	22472,00	08-08'2019	Uppfært	
RR19-19148	0...	6...	L500R	380,00		380,00	08-08'2019	Uppfært	
LÁTN-36	0...	6...	L500DH		83,00	83,00	08-08'2019	Greitt	

- Stærstur hluti iðgjalda rennur í réttindasjóð og myndar þar rétt til eftirlauna.
- Hluti iðgjaldanna fer til greiðslu trygginga vegna mögulegra áfalla.
- Lífeyrissjóðurinn greiðir 0,1% til VIRK.
- Úthlutun réttindasjóðs látinna bætist við réttindasjóðinn.
- Réttindasjóðurinn hækkar/lækkar í samræmi við mánaðarlega ávöxtun eigna.

## Skýring

### Staða réttindasjóðs í upphafi tímabils 02.10.2018


	Upphæð
lðgjaldahreyfingar	500.238
Ráðstöfun í tryggingavernd	-195.121
Ráðstöfun í starfsendurhæfingarsjóð	-3.227
Úthlutun réttindasjóðs látinna	1.124
Ávöxtun	447.147
<b>Staða réttindasjóðs í lok tímabils 31.03.2019</b>	<b>6.118.067</b>

- Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði er lífeyrissjóðum ætlað að byggja upp sparnað til að:
    1. Greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur
    2. Greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku
    3. Styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga
- Áfallatrygging
- Tryggingaverndin er sá hluti iðgjaldsins sem á að standa undir skuldbindingu sjóðsins til að greiða áfallatryggingu, þ.e. liði 2 og 3 hér að ofan.
  - Tryggingaverndin er því ekki valkvæð heldur lagaskylda.

- Þeir sem úrskurðaðir hafa verið á örorkulífeyri í nýja réttindakerfinu fá framreikningsiðgjald inn í réttindasjóðinn.
- Sumir fá úthlutað jöfnunariðgjaldi, sem bætir eldri sjóðfélögum upp þann mismun sem fólst í eldri kerfisbreytingu (frá árinu 2005/2007).

Skýring	Upphæð
<b>Staða réttindasjóðs í upphafi tímabils 02.10.2018</b>	<b>18.417.034</b>
Iðgjaldahreyfingar	547.157
Flutningur í tilgreinda séreign	-150.709
Framreikningsiðgjöld vegna örorku	120.290
Ráðstöfun í tryggingavernd	-127.373
Ráðstöfun í starfsendurhæfingarsjóð	-3.530
Jöfnunariðgjöld	135.271
Úthlutun réttindasjóðs látinna	14.996
Ávöxtun	1.510.980
<b>Staða réttindasjóðs í lok tímabils 31.03.2019</b>	<b>20.464.116</b>

- Margir íslenskir lífeyrissjóðir breyttu í aldurstengda ávinnslu á árunum 2005-2007.
- Jöfn ávinnsla þýðir að sérhver greiðandi fær sömu réttindi (áætluð eftirlaun) fyrir sama iðgjald, án tillits til aldurs greiðandans.
- Aldurstengd ávinnsla þýðir að þeir sem yngri eru fá hærri réttindi (áætluð eftirlaun) fyrir sömu iðgjöld en þeir sem eldri eru. Enda eiga iðgjöld ungs greiðanda eftir að ávaxtast í mörg ár áður en það kemur til greiðslu í formi lífeyris.
- Við breytingu kerfisins var ákveðið að þeir sjóðfélagar sem áttu réttindi fyrir breytingu gætu haldið áfram að greiða í jafna réttindaávinnslu upp að vissu marki eftir að aldurstengt kerfi var tekið upp.



## TAFLA V - JÖFNUNARIÐGJALD

Viðmiðunariðgjald var forðum skilgreint sem það hámarksíðgjald sem tiltekinn sjóðfélagi mætti nýta til jafnarar ávinnslu á hverju almanaksári (verðbætt). Það var yfirleitt jafnhátt því iðgjaldi sem sjóðfélagi greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr.

Tafla V í samþykktum Stapa skilgreinir rétt sjóðfélaga til jöfnunariðgjalds, þ.e. rétt þeirra sem forðum fengu úrskurðað viðmiðunariðgjald. Taflan sýnir rétt til jöfnunariðgjalds sem hlutfall (%) af greiddu iðgjaldi m.v. 10% iðgjald eða viðmiðunariðgjaldi hvort heldur sem lægra er.

Aldur	%	Aldur	%	Aldur	%	Aldur	%
36	-13,1%	44	3,7%	52	23,6%	60	43,2%
37	-11,1%	45	5,9%	53	26,3%	61	45,2%
38	-9,0%	46	8,3%	54	28,9%	62	47,1%
39	-7,0%	<b>47</b>	<b>10,7%</b>	55	31,6%	63	49,1%
40	-5,0%	48	13,2%	56	34,1%	64	51,2%
41	-2,9%	49	15,7%	57	36,5%	65	54,9%
42	-0,8%	50	18,3%	58	38,9%	66	61,0%
43	1,4%	51	21,0%	59	41,1%		

Tekur mið af viðmiðunariðgjaldi eða 10% iðgjaldi hvort heldur sem lægra er og aldri sjóðfélaga.

- Sigga er 47 ára og greiðir af 400.000 kr. mánðarlaunum. Hún fékk úthlutað viðmiðunariðgjaldi á sínum tíma, sem er 360.000 kr. á ári (30.000 kr. á mánuði).
  - »Viðmiðunariðgjaldið tekur mið af 10% iðgjaldi.
  - »10% iðgjald er 40.000 kr. eða hærra en viðmiðunariðgjaldið.
  - »Jöfnunariðgjaldið mun því taka mið af viðmiðunariðgjaldinu.
  - »Jöfnunariðgjald Siggu verður:  $30.000 \times 10,7\% = \mathbf{3.210 \text{ kr.}}$
- Ef við horfum á sama dæmi þar sem Sigga hefði haft viðmiðunariðgjald upp á 540.000 (45.000 á mánuði) þá er viðmiðunariðgjaldið hærra en 10% iðgjaldið.
  - »Jöfnunariðgjaldið tæki þá mið af 10% iðgjaldinu og verður  $40.000 \times 10,7\% = \mathbf{4.280 \text{ kr.}}$

Jöfnunariðgjaldið (að frádreginni tryggingavernd) bætist við réttindasjóð (L500JÖ).




- Réttindasjóður erfist ekki við fráfall.
- Falli sjóðfélagi frá áður en taka eftirlauna hefst rennur réttindasjóður hans til aukningar á réttindasjóðum annarra sjóðfélaga.
- Í hverjum mánuði er skoðað hvaða sjóðfélagar féllu frá í sl. mánuði.
- Réttindasjóður látinna úthlutast því mánaðarlega í samræmi við formúlu sem tekur mið af eftirfarandi:
  - » Líkum á því að viðkomandi sjóðfélagi hefði fallið frá í síðastliðnum mánuði. Þ.e. því eldri sem sjóðfélagi er, þeim mun meiri dánarhagnað fær hann, því líkur eru á að þeir sem féllu frá í liðnum mánuði séu á hans aldri.
  - » Upphæð réttindasjóðs viðkomandi sjóðfélaga. Úthlutunin er í réttu hlutfalli við stærð réttindasjóðs (sáu sjóðfélagar jafn gamlir).
- Í júlí 2019 létust 20 sjóðfélagar sem ekki höfðu verið úrskurðaðir á eftirlaun, þeir létu eftir sig ríflega 21 millj. kr. í réttindasjóð sem dreifðust á milli ríflega 80 þúsund sjóðfélaga.



EIGNAVÍSITALA

Vísitalan mælir hreina ávöxtun á eignum sjóðsins á hverjum tíma


- Réttindasjóður hvers sjóðfélaga er ekki sérgreint safn, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga.
- Lögð er áhersla á að verðmat eigna sé alltaf skv. nýjstu upplýsingum.
- Um 10. hvers mánaðar er afkoma eigna reiknuð í Jóakim frá áramótum til næstliðinna mánaðamóta, að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar sem sleginn er inn sérstaklega úr bókhaldi.





ÖRORKULÍFEYRIR

- Þegar sjóðfélaga er úrskurðaður örorkulífeyrir er áætlað hvaða iðgjöld viðkomandi hefði haldið áfram að greiða til sjóðsins, ef ekki hefði komið til orkutaps. Sú áætlun er nefnd framreikningur.
- Samhliða greiðslu örorkulífeyris reiknast framreikningsiðgjald, sem bætist við réttindasjóðinn (að frádræginni tryggingavernd) og veitir því rétt til eftirlauna.



# DÆMI UM LÍFEYRISSTÝRINGU VEGNA ÖRORKU

Lífeyrisstýring - L500

Greiðsluþegi: xxxxxx-xxxx Jón Jónsson

Kyn (þj): Karl Fæðingard.(þj): 03.10.1961

Hjúsk.(þj): Gift/giftur eða staðfest samvist Dánardag.(þj):

Maki (þj): xxxxxx-xxxx Jóna Jónsdóttir

Sjóður: L500 Stapi lífeyrissjóður

Lífeyrishám: 911046 gildir frá: 2019-09

Almennt Athugasemdir

Lífeyristegund: Ö500EI Örorkulífeyrir Eigtengd rétt.  Leyfa

Sjóðfélagi: xxxxxx-xxxx Jón Jónsson

Lífeyrir vegna: xxxxxx-xxxx Jón Jónsson

Greitt frá: 2018-09 Aldur sjóðfél: 56-07

Réttindamán: 2018-06 Aldur líf.vegna: 56-07

Stöðvun: 2020-05

Stöðv.athsmð: NENDURM endurmat á örorku hjá Stapa lífeyrissjóði

Dags.úrsk: 06.02.2019 **Frumúrskurður**

Eignarréttindi

Réttindasjóður: 33.450.310

Áunn.lífeyrir: 313.152

Framreikningur

Framrkn.lífeyr:	121.031	Framrkn.iðgj	133.067	Gildir til	2026-10
Samtals lífeyr:	<b>434.183</b>				

Matshlutfall: 100,00 %

Sjóðsdeild	Iðgj.framlag	Mótframlag	Iðgjöld alls	Tímabil	Staða
L500FR	35676,00	102570,00	138246,00	08-08'2019	Greitt
L500TR	6778,00	19488,00	26266,00	08-08'2019	Greitt
L500FR	-6778,00	-19488,00	-26266,00	08-08'2019	Greitt

# ÖRORKULÍFEYRIR - ÚTREIKNINGUR

- Áunninn réttur miðast við réttindasjóð og töflu III í samþykktum

## TAFLA III

Breyting á réttindasjóði í örorkulífeyri. Taflan sýnir hvaða mánaðarlegan örorkulífeyri sjóðfélagi fær fyrir hverjar 100.000 kr. í réttindasjóði. Við úrskurð á lífeyri skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.

Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir	Aldur	Lífeyrir
16	3.641	27	2.537	38	1.764	49	1.219	60	827
17	3.524	28	2.455	39	1.706	50	1.178	61	796
18	3.410	29	2.375	40	1.650	51	1.139	62	767
19	3.300	30	2.298	41	1.596	52	1.100	63	738
20	3.193	31	2.224	42	1.544	53	1.062	64	709
21	3.090	32	2.151	43	1.493	54	1.026	65	682
22	2.990	33	2.082	44	1.444	55	990	66	654
23	2.894	34	2.014	45	1.396	56	956	67	639
24	2.800	35	1.948	46	1.350	57	922		
25	2.709	36	1.885	47	1.305	58	890		
26	2.622	37	1.823	48	1.262	59	858		

- Framreikningsréttur miðast við framreikningsiðgjald, viðmiðunariðgjald, töflu I, III og V í samþykktum

Deild	Tímabil	Iðgj.grunnur	10% af stofn	Til jafnrar	Aldur sjf.	Tafla I	Í rétt.sjóð	Tafla V	Jöfn.iðgj.	Tafla III	Frmrkn. réttur
L500	2030-10	52.835	43.558	43.558	64-09	4,80%	50.299	48,74%	21.231	688,75	492,66
L500	2030-11	52.835	43.558	43.558	64-10	4,80%	50.299	48,74%	21.231	686,50	491,05
L500	2030-12	52.835	43.558	43.558	64-11	4,80%	50.299	48,74%	21.231	684,25	489,44
<b>Samtals: 2030</b>		<b>634.020</b>									
L500	2031-01	52.835	43.558	43.558	65-00	3,30%	51.091	53,09%	23.124	682,00	506,15

1.979,30

# EFTIRLAUN






- Við upphaf töku eftirlauna eru mánaðarleg eftirlaun sjóðfélaga úrskurðuð til æviloka út frá réttindasjóði sjóðfélaga og áætluðum fjölda mánaða sem sjóðfélagi á ólifaða.
- Eftirlaun eru verðtryggð en breytast ekki með ávöxtun sjóðsins.
- Ef örorkulífeyrisþegi var með framreikning í nýja kerfinu, þá er hann úrskurðaður á eftirlaun eins og aðrir, því framreikningsiðgjald er þegar komið inn í réttindasjóðinn (L500FR)

## TAFLA II

Breyting á réttindasjóði í eftirlaun. Taflan sýnir hvernig hverjum 100.000 kr. í réttindasjóði er breytt í mánaðarleg eftirlaun miðað við aldur sjóðfélaga við töku eftirlauna. Við úrskurð eftirlauna skal miðað við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli ársgilda í töflunnar.

Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun
60	519	66	615	71	736	76	905
61	532	67	635	72	766	77	951
62	546	68	658	73	799	78	1001
63	562	69	682	74	835	79	1056
64	578	70	707	75	874	80	1117
65	596						





MAKALÍFEYRIR

Ýmsar flækjur tengdar gamla/nýja kerfinu -> Handavinna tengd útreikningum

- Eftirlaun, gamla kerfið -> makalífeyri
  - Eftirlaun, nýja kerfið -> makalífeyri
  - Eingreiðsla eftirlauna -> makalífeyrir
  - Örorka, gamla kerfið -> makalífeyrir
  - Örorka, nýja kerfið -> makalífeyrir
  - Óúrskurðuð réttindi -> makalífeyrir
  - Sólarlagsákvæði tengd ævilöngum lífeyri og/eða lífeyrir til 67 ára aldurs
- Verður einfaldara þegar lengra líður frá kerfisskiptum og sólarlagsákvæði detta smám saman út.



VEGFERÐIN OG STAÐAN Í DAG

- Kerfisbreytingin reyndi mikið á starfsfólk sem þurfti:
  - » Að setja sig inn í nýja kerfið og skilja það.
  - » Rýna alla útreikninga.
  - » Taka þátt í að leysa alls konar flækjur sem upp komu.
  - » Vinna meiri handavinnu, tímabundið, því úrskurðarkerfi voru ekki að fullu tilbúin strax. Framreikningur var t.d. unninn á excelskjölum fyrstu 30 mánuðina.
  - » Útskýra kerfið fyrir sjóðfélögum og starfsmönnum annarra lífeyrissjóða.

Af hverju er ég að borga í tryggingavernd, ég geri það ekki hjá hinum lífeyrissjóðunum?

Breyttar lífslíkur, hvað gerum við í því ???

Hvernig eigum við að fara með stubbana?

Jöfnunariðgjaldið er ekki að skiptast milli réttindasjóðs og tryggingaverndar!!!

Jöfnunariðgald er að reiknast hjá eldri en 67 ára!!!

Jöfnunariðgald reiknast of hátt við endurskoðun eftirlauna!!!

Hvað með makasamningana?

Framreikningsiðgjald greiðsist lengur en það á að gera!!!

Jöfnunariðgjald vegna tímabundins viðmiðunariðgjald er að reiknast of víða!!!

Á að reiknast framreikningsiðgjald ef örorkulífeyrisþegi fær enga greiðslu vegna annarra tekna?

Af hverju er reiknað iðgjald til VIRK hærra en það sem launagreiðendur skila?

Hver er makalífeyririnn ef eftirlaun voru forðum greidd með eingreiðslu?

Af hverju get ég ekki fengið réttindasjóðinn minn greiddan út?

# SJÓÐFÉLAGAYFIRLIT

## Yfirlit iðggjaldgreiðslna til Stapa lífeyrissjóðs

Yfirlit iðggjaldgreiðslna er sent út til sjóðfélaga tvisvar á ári, í samræmi við lög nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Iðggjöld sem greidd hafa verið til sjóðsins frá útsendingu síðasta yfirlits eru sýnd í töflunni hér fyrir neðan.

Mánuður	Greiðandi (iðggjald / mótfamlag)	Staða	Iðggjöld	Mótfamlag	Samtals
2018-09	xxxxxxx ehf. (4% / 11,5%)	G	26.000	74.750	100.750
2018-10	xxxxxxx ehf. (4% / 11,5%)	G	26.000	74.750	100.750
2018-11	xxxxxxx ehf. (4% / 11,5%)	G	57.200	164.450	221.650

(Staða: G=greitt, S=skilgrein komin, F=iðggjald flutt)

## Rétt mótfamlag?

Til þess að sjóðfélagar geti betur áttað sig á því hvort mótfamlag er í samræmi við gildandi kjarasamninga birtist hlufallstala iðggjalds og mótfamlags fyrir aftan nafn vinnuveitanda á yfirlitinu. Upplýsingar um rétt hlutfall má nálgast hjá viðkomandi stéttarfélagi.

## Réttindakerfi Stapa

Lífeyrisréttindi breytast við inngreiðslu iðggjalda og í samræmi við ávöxtun sjóðsins í hverjum mánuði. Á yfirlitinu hér fyrir neðan sér hver sjóðfélagi réttindasjóð sinn og hvernig hann hefur þróast frá síðasta yfirliti. Af réttindasjóðnum ráðast eftirlaunaréttindi sjóðfélaga. Við eftirlaunaúrskurð er réttindasjóðurinn færður út en í staðinn kemur úrskurður um ævilöng eftirlaun. Réttindasjóður er ekki séreign sjóðfélagi, heldur reiknaður hluti af þeim eignum sem sameiginlega tryggja eftirlaun sjóðfélaga hjá sjóðnum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Stapa, [www.stapi.is](http://www.stapi.is).

## Skýring

Staða réttindasjóðs í upphafi tímabils 02.10.2018	Upphæð
Iðggjaldahreyfingar	1.738.877
Ráðstöfun í tryggingavernd	423.150
Ráðstöfun í starfsendurhæfingarsjóð	-153.454
Ráðstöfun í starfsendurhæfingarsjóð	-2.730
Úthlutun réttindasjóðs látna	494
Ávöxtun	155.581
Staða réttindasjóðs í lok tímabils 31.03.2019	2.161.918

## Áætlun um væntanleg eftirlaun

Réttindi í sjóðnum breytast í samræmi við greidd iðggjöld og ávöxtun sjóðsins. Hægt er að áætla framtíðareftirlaun, en slíkar áætlanir eru alltaf ónákvæmar, þar sem óvissa ríkir um hver ávöxtun sjóðsins verður. Hér að neðan eru upplýsingar um áætluð eftirlaun m.v. núverandi réttindasjóð og 3,5% raunávöxtun. Aldur við upphaf eftirlaunatöku ræður miklu um hver áætlaður lífeyrir er, því eru í töflunni tekin þrjú dæmi um áætluð eftirlaun. Athugið að ef um frekari greiðslur til sjóðsins verður að ræða þá aukast réttindi og þar með áætluð eftirlaun.

Áætluð eftirlaun, m.v. aldur við upphafstöku	65 ára	67 ára	70 ára
Eftirlaun á mánuði miðað við áunnin réttindi	32.791	37.948	48.242

## Áfallatryggingar

Auk þess að mynda rétt til eftirlauna fer hluti iðggjalds sjóðfélaga til áfallatrygginga. Áfallatryggingar tryggja sjóðfélaga rétt til lífeyris við missi á starfsorku, tryggja maka rétt til makalífeyris og barna til barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga, enda séu skilyrði uppfyllt. Varðandi skilyrði fyrir nýtingu áfallatryggingar og upphæð lífeyris vísast í samþykktir sjóðsins, sem sjá má á heimasíðu hans [www.stapi.is](http://www.stapi.is).

- Búið að leysa úr öllum þekktum vandamálum við nýja kerfið.
- Flækjum tengdum eldra kerfinu fækkar með hverju ári.
- Eftirlauna- og örorkuúrskurðir eru gerðir nær alfarið í Jóakim.
  
- Við eigum ítarlegt „Spurt og svarað“ yfirlit um nýja kerfið
- Nýtum hvert tækifæri til að útskýra kerfið fyrir sjóðfélögum og öðrum
- Sjóðfélagayfirlitin okkar eru betur upplýsandi en áður.

**Betri skilningur á lífeyrissjóðnum skilar jákvæðari umræðu!**





SPURNINGAR